

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu
Dalbraut 12
840 Laugarvatn



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 20. mars 2017
UST201702-167/B.S.
10.04.03


Efni: Deiliskipulag – Hlöðuvellir. Umsögn


Vísað er til bréfs Skipulagsfulltrúa uppsveita Árnassýslu dags. 14. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreina deiliskipulagstillögu.

Hér er um að ræða smávægilega aukningu á byggingarmagni á deiliskipulagssvæðinu. Helsta breytingin felst í því að nú er ráðgert að byggja nýtt hesthús norðan við veg F 337, en til þessa hafa mannvirki verið að mestu leyti sunnan vegarins.

Umhverfisstofnun telur að kanna eigi hvort betur færi á því að reisa nýtt hesthús sunnan vegar þar sem núverandi mannvirki eru því ætla má að byggingarmagn virðist meira á svæðinu þegar byggt er beggja megin vegarins auk þess sem vænta má óþæginda ef umferð um veg F 337 eykst frá því sem nú er.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur